

# **Drög að frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni**

**Kynning 12. nóvember 2014**



# Aðdragandi

- » Vinnuhópur frá 2009 skilaði álit 2010 og taldi ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.
- » 18 þingmenn stóðu að þingsályktunartillögu í nóvember 2010. Í tillögunni fólst að skipaður yrði starfshópur sem falið yrði að semja frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Tillagan dagaði uppi.



- » 23 þingmenn stóðu að nýrri þings-  
ályktunartillögu sama efnis í október 2011.  
Áhersla skyldi lögð á:
- Hagsmuni og réttindi barnsins.
  - Rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóður og fjölskyldu hennar.
  - Farsæla aðkomu hinna væntanlegu foreldra.



- » Þingsályktunartillagan var samþykkt 18. janúar 2012.
- » Velferðarráðherra skipaði starfshóp skv. þingsályktuninni í september 2012.
- » Starfshópnum var falið að vinna frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í samræmi við þingsályktunina og að skila ráðherra lagafrumvarpi eigi síðar en í janúar 2015.



# Starfshópurinn

- » Kristrún Heimisdóttir lektor við Háskólann á Akureyri var formaður hópsins til mars 2014. Í apríl 2014 tók Dögg Pálsdóttir lögfræðingur og aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík við formennsku starfshópsins.
- » Hrefna Friðriksdóttir dósent við Háskóla Íslands.
- » Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.
- » Starfsmaður starfshópsins:
  - Laufey Helga Guðmundsdóttir lögfræðingur hefur verið starfsmaður hópsins frá 2013.
  - Auk þess hefur Svanhildur Þorbjörnsdóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu starfað með hópnum frá 2013.



# Vinna starfshópsins

- » Upplýsingasöfnun, m.a. um löggjöf landa sem leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.
- » Fundir með sérfræðingum, innlendum og erlendum, m.a. með Karen Busby prófessor við Háskólann í Manitoba.
- » Samráð við hagsmunaaðila haustið 2013.
- » Undirbúningur áfangaskýrslu heilbrigðisráðherra til Alþingis í janúar 2014.



# Frumvarpsdrögin

- » Lengi skoðað með hvaða hætti skyldi lögfesta staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.
  - Bandormur með breytingu á mörgum lögum.
  - Heildarlöggjöf.
- » Niðurstaðan varð heildarlöggjöf um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og hófst samning lagafrumvarps í apríl sl.



## » Skilgreining á staðgöngumæðrun:

Staðgöngumæðrun er þegar fósturvísi er komið fyrir í staðgöngumóður, sem hefur fallist á að ganga með barn fyrir tiltekna væntanlega foreldra enda hyggst staðgöngumóðirin afhenda barnið væntanlegum foreldrum eftir fæðingu þess og þau hafa skuldbundið sig til að sækja um yfirfærslu á foreldrastöðu í samræmi við ákvæði barnalaga.



- » Frumvarpið heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni en bannar staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni.
- » Væntanlegum foreldrum er þó heimilt að endurgreiða staðgöngumóður útlagðan kostnað sem tengist beint glasafrjóvgunarmeðferðinni, meðgöngunni og fæðingu barnsins. Mögulegur kostnaður sem hér fellur undir er heilbrigðisþjónusta (sjúklingagjöld), lyf (sjúklingagjöld), ferðakostnaður, fatnaður (meðgöngu).



# Hagsmunir barnsins

- » Mikil áhersla er á hagsmuni barnsins í frumvarpsdrögum (4. gr.):
  - Eigi má veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni nema sýnt þyki eftir könnun á högum og aðstæðum staðgöngumóður og maka hennar og væntanlegra foreldra að andleg og líkamleg heilsa, fjárhagsstaða og félagslegar aðstæður þeirra allra séu góðar og að ætla megi að barnið sem til verður muni búa við þroskavænleg uppeldisskilyrði.



- » Skipa skal nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Hlutverk nefndarinnar verður:
  - Veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni.
  - Tryggja þeim sem sækja um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni faglega ráðgjöf sérfræðinga s.s. lögfræðinga og félagsfræðinga eða sálfræðinga.
  - Úrskurða um foreldrastöðu barns sem fæðist í samræmi við erlend lög um staðgöngumæðrun.
  - Önnur verkefni sem ráðherra felur nefndinni.



# Skilyrði sem staðgöngumóðir þarf að uppfylla

- » Eftirfarandi skilyrði eru sett í frumvarpinu gagnvart staðgöngumóður (og maka ef við á):
  - Samþykki staðgöngumóður. Ef staðgöngumóðir er í sambúð/hjúskap er gerð krafa um lengd sambúðar (3 ár) og samþykki maka.
  - Staðgöngumóðir hafi andlega og líkamlega burði og fullnægjandi heilsu til að takast á við það álag sem fylgir staðgöngumæðrun, meðgöngu og fæðingu barns.
  - Lögheimili á Íslandi og samfelld lögleg dvöl í landinu síðustu fimm ár fyrir umsókn og sjúkratrygging skv. lögum um sjúkratryggingar.
  - Sé á aldrinum 25 – 39 ára.



- Eigi að baki fæðingu a.m.k. eins fullburða barns eftir eðlilega meðgöngu.
- Liðið sé að lágmarki 2 ár frá fæðingu barns staðgöngumóður og að síðasta meðganga hennar hafi ekki endað með fósturmissi eftir fyrsta þriðjung meðgöngunnar eða fæðingu andvana barns.
- Hafi staðgöngumóðir eða maki hennar misst barn skulu hafa liðið a.m.k. 2 ár frá andláti barnsins.
- Staðgöngumóðir eða maki hennar sé ekki systir eða bróðir eða skyld í beinan legg því væntanlega foreldri sem leggur til kynfrumu.



# Uppruni kynfruma

- » Það verður alltaf óheimilt að nota eggfrumu frá staðgöngumóður.
- » Það verður að nota kynfrumur frá a.m.k. öðru hinna væntanlegra foreldra.



# Skilyrði sem væntanlegir foreldrar þurfa að uppfylla

- » Skilyrði sem sett eru gagnvart væntanlegum foreldrum:
  - Samfelld lögleg dvöl á Íslandi síðustu 5 árin og sjúkratryggð skv. lögum um sjúkratryggingar. Undanþægt.
  - Hafa verið í sambúð a.m.k. 3 ár, þar af í skráðri sambúð eða hjúskap a.m.k. eitt ár.
  - Vera á aldrinum 25 – 45 ára.
  - Eiga ekki barn undir tveggja ára aldri.
  - Geta ekki af læknisfræðilegum ástæðum tekist á við það álag sem fylgir meðgöngu og fæðingu barns eða líffræðilegar ástæður útiloka meðgöngu.
  - Samþykki og skuldbinding til að sækja um yfirfærslu á foreldrastöðu í samræmi við ákvæði barnalaga.



- » Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er heimil einhleypum konum og körlum ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
  - Ótvírætt þykir að hagsmunir barns verði tryggðir
  - Geta ekki af læknisfræðilegum ástæðum tekist á við það álag sem fylgir meðgöngu og fæðingu barns (konur) eða
  - líffræðilegar ástæður útiloka meðgöngu (karlar)
  - Öðrum skilyrðum laganna er fullnægt.
- » Kynfrumur verða að koma frá einhleypingi (egg frá konu, sæði frá karli).
- » Í tilviki staðgöngumæðrunar fyrir karla má heldur ekki nota eggfrumu staðgöngumóðurinnar.





# Ferill staðgöngumæðrunar skv. frumvarpinu

- » Væntanlegir foreldrar og staðgöngumóðir (og maki ef við á) sækja saman um leyfi til staðgöngumæðrunar hjá nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og skila inn tilskildum gögnum, sbr. 12. gr. frumvarpsins.
- » Nefndin aftar umsagnar heilbrigðisstofnunar sem mun framkvæma staðgöngumæðrunina, verði hún leyfð.



- » Nefndin tryggir umsækjendum ráðgjöf og upplýsingar um læknisfræðilegar, lögfræðilegar, siðfræðilegar, félagslegar og önnur áhrif sem staðgöngumæðrun kann að hafa. Ráðgjöfina skal veita áður en leyfi er veitt, á meðan á tæknifrjóvgunarmeðferð og meðgöngu stendur og eftir fæðingu barnsins.
- » Gengið er frá skriflegu og vottuðu samþykki allra aðila til staðgöngumæðrunar.



» Eftir ráðgjöf en áður en leyfi er veitt er gert ráð fyrir að umsækjendur geri með sér **gagnkvæma viljayfirlýsingu** um samskipti á meðgöngu, endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, viðveru væntanlegra foreldra við fæðingu barns, tilhögun afhendingar barns eftir fæðingu, umsjá barns fram að yfirfærslu á foreldrastöðu, samskipti eftir afhendingu barns eftir atvikum og annað er máli skiptir.



- » Nefndin metur umsókn og tekur ákvörðun.
- » Nefndin annað hvort veitir leyfi eða synjar um það. Synjun má kæra til heilbrigðisráðherra.
- » Sé leyfi veitt er glasafrjógungunarmeðferð framkvæmd á stofnun sem til þess hefur leyfi.
- » Staðgöngumóðir gengur með barnið og fæðir.
- » Staðgöngumóðirin er móðir barnsins skv. ákvæðum barnalaga og maki hennar (ef við á) er faðir/foreldri þess.



- » Barnið fer í umsjá væntanlegra foreldra á þeim tíma sem um það hefur verið samið, annað hvort strax eftir fæðingu, eða fljótlega eftir hana.
- » Staðgöngumóðir og maki hennar, ef við á, fara með forsjá barnsins fram að yfirfærslu á foreldrastöðu nema um annað hafi verið sérstaklega samið samkvæmt ákvæðum barnalaga.



- » Í barnalög koma ný ákvæði um yfirfærslu á foreldrastöðu. Þar eru settar meginreglurnar en jafnframt brugðist við mismunandi aðstæðum sem upp geta komið í ferlinu.



# Yfirfærsla á foreldrastöðu barns

- » Í frumvarpinu er lagt til að barnalögum verði breytt svo unnt verði að yfirfæra foreldrastöðu vegna staðgöngumæðrunar.
- » Yfirfærsla á foreldrastöðu fer fram hjá sýslumönnum í fyrsta lagi tveimur mánuðum eftir fæðingu barns.
- » Við yfirfærslu foreldrastöðu barns öðlast það frá fæðingu sömu réttarstöðu gagnvart væntanlegum foreldrum og ættmönnum þeirra eins og það væri þeirra eigið barn. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barns við staðgöngumóður og maka hennar, ef við á.



- » Væntanlegir foreldrar sækja saman um yfirfærslu á foreldrastöðu.
- » Staðgöngumóðir og maki, ef við á, verða að endurnýja samþykki sitt í fyrsta lagi tveimur mánuðum eftir fæðingu barns.
- » Að fengnum nauðsynlegum gögnum samþykkir sýslumaður yfirfærslu á foreldrastöðu og sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar um hana.





- » Ef fullnægjandi gögn berast ekki til sýslumanns verða dómstólar að annast yfirfærslu á foreldrastöðu. Sama á við ef sýslumaður telur að yfirfærslan sé í andstöðu við það sem barninu er fyrir bestu.
- » Til að bregðast við mögulegum vandamálum sem upp kunna að koma í þessu ferli hefur frumvarpið að geyma tillögur til breytinga á barnalögum.



# Möguleg vandamál

- » Hjónaskilnaður eða sambúðarslit væntanlegra foreldra.
- » Andlát annars eða beggja væntanlegra foreldra.
- » Hjónaskilnaður eða sambúðarslit staðgöngumóður og maka.
- » Andlát staðgöngumóður eða maka hennar.
- » Staðgöngumóðir og/eða maki hennar, ef við á, neita að staðfesta samþykki fyrir yfirfærslu á foreldrastöðu.



- » Í þessum kringumstæðum er málið ýmist afgreitt hjá sýslumanni eða hjá dómstólum:
- Ef annað væntanlegra foreldra sækir ekki um yfirfærslu foreldrastöðu getur hitt farið með málið til dómstóla.
  - Ef hvorugt væntanlegra foreldra sækir um yfirfærslu foreldrastöðu geta foreldrarnir (staðgöngumóðir og maki, ef við á) farið með málið til dómstóla.
  - Ef foreldrar staðfesta ekki samþykki sitt fyrir yfirfærslunni geta væntanlegu foreldrarnir farið með málið til dómstóla.
  - Ef annað eða bæði væntanlegra foreldra andast áður en yfirfærsla á foreldrastöðu verður eða meðan ferillinn er í gangi skal tilnefna lögráðamann sem stendur þá að umsókn foreldranna um yfirfærsluna til sýslumanns.



# Nokkur fleiri atriði

- » Upplýsa skal barnið eigi síðar en fyrir sex ára afmælisdag þess að það hafi fæðst með staðgöngumæðrun.
- » Þegar barn verður 16 ára getur það kallað eftir upplýsingum um staðgöngumæðrunina og fengið nafn kynfrumugjafa, ef við á.



- » Auglýsingar um staðgöngumæðrun verða óheimilar sem og öll milliganga um staðgöngumæðrun.
- » Óheimilt verður að leita eftir eða nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum sem uppfyllir ekki skilyrði laganna. Erlendir dómar og ákvarðanir um yfirfærslu á foreldrastöðu í kjölfar staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni stangast ekki á við allsherjarreglu og verða því viðurkenndir hér á landi.



- » Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að þau gildi í sex ár, hafi þau ekki verið endurskoðuð og ný lög samþykkt fyrir það tímamark.
- » Heilbrigðisráðherra skal láta meta reynsluna af framkvæmd laganna og leggja skýrslu fyrir Alþingi eigi síðar en ári áður en lögin falla úr gildi.



# Breytingar á öðrum lögum

- » Miklar breytingar á barnalögum (viðbætur).
- » Breytingar á lögum um tæknifrjóvgun þess efnis að framvegis verða einungis leyfðar kynfrumugjafir undir nafni.
- » Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof til að tryggja staðgöngumóður og væntanlegum foreldrum fæðingarorlof.
- » Lög um þjóðskrá og almannaskráningu.
- » Lög um mannanöfn.
- » Erfðalög.
- » Lög um íslenskan ríkisborgararétt.



# Vinnan framundan

- » Umsagnarferli hjá hagsmunaaðilum. Skili umsögn til starfshópsins eigi síðar en 30. nóvember nk.
- » Starfshópurinn mun fara yfir umsagnir og mögulega gera breytingar á frumvarpsdrögum vegna þeirra.
- » Skil á frumvarpi til ráðherra um miðjan janúar 2015.





TAKK FYRIR.

